

Áætlaðar verðbreytingar vegna lækkunar VSK á matvælum o.fl.

Samkvæmt skattafrumvarpinu sem nú liggur fyrir Alþingi verður virðisaukaskattur á matvælum lækkaður úr 24,5% í 14% frá og með næstu áramótum. Jafnframt verða nokkrar breytingar á vörugjöldum (sælgæti, gosdrykkir, snakk o.fl.). Heildaráhrif þessara breytinga eru metin um 0,8% til lækkunar á framfærsluvísítölu. Í eftirfarandi töflu er stiltt upp dæmum um áætlaðar verðbreytingar einstakra vöruflokka miðað við þá forsendu að þessar breytingar skili sér að fullu í verði. Rétt er að leggja áherslu á að hér er horft á áhrif lækkunar VSK o.fl. í einangrun og gengið út frá því að lækkunin komi að fullu fram. Hins vegar þarf að hafa í huga að um og upp úr áramótum ganga gjarnan til baka ýmis hefðbundin jólatilboð á mat- og drykkjarvörum sem geta skekkt þessa mynd.

Dæmi um áætlaðar verðbreytingar

	Verðáhrif 1994 %
Mjöl og grjón, morgunkorn	-8,4
Brauð og ósælt kex	-8,4
Kökur, sætt kex	-7,5
Snakk, poppkorn o.fl.	-3,0
Kjöt, nýtt eða frosið	0,0
Kjöt, saltað, reykt, hakkað	-2,5
Unnar kjötvörur	-4,0
Nýr fiskur (ýsa, láða, saltfiskur) ¹⁾	5,0
Lax, rækjur, harðfiskur o.fl.	-8,4
Mjólk, rjómi, ostar og egg	0,0
Smjör, smjörlíki, matarolfa	-8,4
Ávextir og grænmeti nýtt, þurrkað, niðursoðið ²⁾	-8,4
Ávaxtasafar	-5,0
Ávaxtagrautar, sultur	-3,0
Kartöflur ²⁾	-8,4
Sykur	-4,0
Kaffi, te	-3,0
Sælgæti	-5,0
Ís	-3,0
Krydd, sósur o.fl.	-8,4
Gosdrykkir	-5,0

¹⁾ Sérstakar niðurgreiðslur á fiski verða lækkaðar í premur áföngum á næsta ári, en hér eru tilgreind áætluð heildaráhrif af breytingunni.

²⁾ Rétt er að benda á að innlent grænmeti (gulrósfur, tómatar, gúrkur o.fl.) og kartöflur hafa borið ígildi 14% VSK vegna endurgreiðslna á heildsölustigi. Hér er hins vegar miðað við að um innflutning sé að ræða.

Eins og fram kemur í töflunni verður lítil eða engin breyting á nokkrum vörutegundum þrátt fyrir lækkun VSK. Skýringin er sú að þær bera nú þegar ígildi 14% VSK (nýtt kjöt, mjólkurvörur, egg, fiskur, innlent grænmeti) með því að hluti hans er endurgreiddur á heildsölustigi. Nýmjólk, dilkakjöt í heilum og hálfum skrokkum, fiskur og innlent grænmeti hafa borið 14% skatt frá upphafi, en það vörusvið var síðan víkkað í